

## FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2001-03

Fundartími: Föstudagur 22. júní 2001 kl. 09:00

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Eldsneytisspá.
2. Önnur mál.

---

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Porkell Helgason  
Pétur E. Þórðarson  
Katrín Ólafsdóttir  
Magnús Magnússon

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV fór yfir eldsneytisspá en fundarmenn höfðu fengið hana senda fyrir fundinn ásamt köflum 6 og 10 úr almennu forsendunum. ÞH lagði til að hlutfall annarra orkugjafa en olíu varðandi bifreiðar væri hækkað í 15% í ljósi þess sem væri að gerast á því sviði nú og til að það lækkaði ekki frá síðustu spá og var það samþykkt. JV var falið að bera undir Jón Björn Skúlason hjá Íslenskri nýorku kafla um nýja orkugjafa í almennu forsendunum. Nokkur umræða varð um millilandaflugið og fannst mönnum aukning þar mikil. PEP nefndi hvort ekki væri rétt að halda notkun hjá Atlanta óbreyttri svipað og gert er með stóriðju. ÞH lagði til að 3% aukning væri til 2010 og síðan lækkaði hún í 1% 2020. JV var falið að fara yfir þessar forsendur og draga úr aukningunni í samræmi við þetta. JV sagðist hafa gert breytingar á kafla 2 í almennu forsendunum í samræmi við athugasemdir frá KÓ. Hann sagði að miðað væri við 2,5% hagvöxt en ekki 2% en KÓ sagði að Þjóðhagsstofnun hefði miðað við 3% vöxt til lengri tíma. JV taldi það fremur hátt og sagði að oft væri miðað við 2-3% vöxt erlendis. Ákveðið var að miða við 2,5%.

JV sagðist stefna að því að setja spána í íslensku yfirlestur á mánudag og að spáin gæti þá farið í fjölföldun í þar næstu viku. Ákveðið var að stefna að

blaðamannafundi um miðjan júlí og á þeim fundi væri Orkuspárnefnd og fulltrúar úr eldsneytishópnum. JV var falið að taka saman fréttatilkynningu fyrir þann fund.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 7. september kl 13:30. Fundi slitið kl. 11:10.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- "Eldsneytisspá, drög 3" og kaflar 6 og 10 í Almennum forsendum orkuspáa. (JV)